

Umsókn um styrk úr þróunarsjóði leikskóla í Garðabæ

Upplýsingar um umsækjanda

Nafn

Ágústa Kristmundsdóttir sérkennslustjóri

Kennitala

040757-4819

Ábyrgðamaður/-menn verkefnis

Nafn/nöfn

Ágústa Kristmundsdóttir
sérkennslustjóri

Vinnustaður

Leikskólinn Akrar

Netfang

agustakr@leikskolarnir.is

Samstarfsaðilar

Tengiliður

Hulda Karen Eyjólfsdóttir
deildarstjóri

Vinnustaður

Leikskólinn Akrar

Netfang

huldaey@leikskolarnir.is

Tengiliður

Vinnustaður

Netfang

Tímasetning verkefnis

Upphafsdagur

01.06.2017

Lokadagur

01.06.2018

Heiti verkefnis

Tákn með tali - Gagnakassi og innlögn/áætlun

Hvernig verður markmiðum náð? - Matsáætlun

Markmið verkefnisins er að útbúa gagnakassa með myndaspjöldum með Tákn með tali myndum. Einnig verður útbúin áætlun um markvissa innlög á Tákn með tali á yngstu deild leikskólans og farið að vinna með þessa aðferð. Tákn með tali er tjáskiptaaðferð sem byggir á einföldum hreyfitáknum sem notuð eru á markvissan hátt til stuðnings töluðu máli. Þessi aðferð nýtist sérstaklega vel fyrir tvítyngd börn og börn með seinkaðan málþroska og er góður stuðningur við vinnu með þeim börnum. Í Garðabæ eru notaðar orðabækur fyrir tvítyngd börn og börn með sérþarfir sem eru bæði með orðum á móðurmáli barnsins, á íslensku og með tákni og styður þetta verkefni við þá vinnu. Tákn með tali er skemmtilegt málörvunartæki fyrir öll börn og hjálpar sérstaklega þeim börnum sem eru með seinkaðan málþroska. Með auknum málþroska og notkun tungumálsins hættir barnið að þurfa að nota táknin en oft eru börn í skólanum sem þurfa áfram tákn til samskipta og er þá mikill kostur að önnur börn á deildinni kunna táknin og geta átt í samkiptum við þau. Það að útbúa varanlegt safn sem er flokkað og tilbúið til notkunar gerir alla vinnu við að innleiða þessa aðferð markvissari.

Tenging við skólanámskrá leikskólans

Við teljum að þetta verkefni samrýmist mjög vel námskrá leikskólans Akra. Virkni og vellíðan er grunnigildi skólans. Mikilvæg er að skapa börnum uppeldiumhverfi sem örvar þroska þeirra og komi til móts við þroska þeirra og getu. Einnig miðar námskráin að því að efla sjálfsmynd og sjálfstæði barnanna. Í leiðarljósi Akra segir m.a. ?Leikskólinn á að vera samfélag þar sem hver einstaklingur nýtur viðingar, börnin læra að bera virðingu fyrir fjölbreytileikanum og virði sérstöðu hvers einstaklings? Á Ökrum er unnið út frá námi án aðgreiningar og einstaklingsmiðuðu námi. Komið er til móts við börn með mismunandi þarfir og börn frá öðrum menningarheimum þannig að þau geti þroskast á eigin forsendum og notið leikskóladvalarinnar og fengið verkefni og kennslu við hæfi.

Tenging við áherslupætti sjóðsins

- ☐ Innra mat og skólapróun
- ☐ Upplýsingatækni í kennslu og gerð námsefnis
- ☒ Samskipta- og félagsfærni
- ☐ Hreyfing og velferð
- ☐ Sjálfbærni
- ☐ Samvinna innan og á milli skóla og skólastiga

Ávinningur verkefnisins fyrir leikskólann og skólasamfélagið í Garðabæ

Vinna með yngstu börn leikskólans er mjög mikilvæg varðandi alla málörvun, orðaforða, tjáningu og skilning. Að leggja góðan grunn í þessum þáttum í byrjun leikskólagöngu skiptir miklu mál og býr barnið að þeim grunni í áframhaldandi leikskólagöngu. Tákn með tali hefur reynst vel fyrir börn af erlendum uppruna og börnum með málhamlanir og þeim sem eru sein til máls. Með því að Tákn með tali sé notað í almennu starfi verður það til þess að starfsfólk og börn verða betur í stakk búin til að mæta þörfum þeirra einstaklinga sem eiga við málhamlanir að stríða og að taka á móti tvítyngdum börnum með litla sem enga íslensku. Það er mikil hagræðing í því fyrir allt starfsfólk að í skólanum sé til áætlun um innlögn og búið sé að safna saman táknmyndum og að þau séu aðgengileg í vel skipulögðum gagnakassa. Aðrir leikskólar í Garðabæ geta nýtt sér þessa vinnu í sínu starfi og erum við tilbúnar að leiðbeina þeirri vinnu. Að okkar mati skiptir miklu máli hvernig við komum til móts við börn sem koma í leikskólana okkar hér í Garðabæ og að við mætum þeim þar sem þau eru stödd í þroska með viðeigandi kennsluefni. Það að leggja grunninn í leikskóla hjálpar barninu í áframhaldandi skólagöngu.

Tímasett framkvæmdaráætlun - Helstu verkþættir - Hvenær eru þeir unnir?

Framkvæmdaáætlun:

Júní ? september: Fundur með talmeinafræðingi ? drög að áætlun um innlögn ? byrjað á útbúa fyrstu spjöldin

September: Kynning á verkefninu fyrir starfsfólk og foreldra ? Hvert barn og starfsfólk fær sitt tákn

Október : Innlögn á táknum byrjar og haldið markvisst áfram.

Nóvember: Fundur með starfsfólki deildar ? hvernig gengur

Desember: Áframhald á innlögn og haldið áfram að útbúa spjöld

Janúar ? maí: Fundur með talmeinafræðingi ? farið yfir innlögn ? markviss innlögn og táknspjöldin kláruð.

Verkefnastjóri stýrir og heldur utan um innlögnina í samráði við deildarstjóra, útbýr táknspjöldin og sér um fræðslu ásamt ráðgjafa.

Júní: Áætlað að gagnakassinn sé tilbúinn

Skýrsla og endurmat

Verkþættir

- ? Safna saman og Tákni með tali myndum og útbúa spjöld sem verða plöstuð og eru þannig varanleg
- ? Spjöldin flokkuð eftir athöfnum og orðflokum og komið fyrir í gagnakassa
- ? Áætlun um innlagn
- ? Sérkennslustjóri og deildarstjóri ákveða saman í hvaða röð táknin eru lögð inn
- ? Áætlað er að leggja inn tákn vikunnar
- ? Hvert barn fær sitt tákn og einnig starfsfólk
- ? Það tákn verður kynnt bæði fyrir foreldrum og starfsfólki skólans
- ? Fræðsla um námsefnið Tákni með tali fyrir allt starfsfólk leikskólans (Talmeinafræðingur kemur og sér um þá fræðslu)
- ? Sérstök fræðsla og kennsla á táknum fyrir starfsfólk yngstu deildarinnar (Sérkennslustjóri sér um þá kennslu og fylgir henni eftir)
- ? Fræðsla fyrir foreldra ? Tákni með tali ? tilgangur og markmið

Ráðgjafar verkefnisins

Nafn

Hlutverk

Sigrún Grendal talmeinafræðingur

Ráðgjöf og fræðsla

Nafn

Hlutverk

Nafn

Hlutverk

Kostnaðaráætlun - Um áætlaðan raunkostnað er að ræða

Kostnaðarliður:

Laun þátttakenda samtals:

30 x 7.500 - 10 x 7.500 = 300.000

Tímafjöldi x 7.500 kr

Laun sérfræðinga og ráðgjafa/námskeið, samtals:

10 x 12.000 = 120.000

Tímafjöldi x 12.000 kr

Efniskaup, samtals:

30.000

Samtals áætlaður kostnaður:

450.000

Efniskaup, sundurliðun

Skipulagaskassi - flokkunarspjöld 10.000

Pappír, plast í plöstunarfél, merkimiðar 10.000

Bækur 10.000

Kostnaðaráætlun:

Kostnaðaráætlun fyrir verkefnið.docx

Garðabær dags.

31.03.2017

Ábyrgðamaður umsóknar

Ágústa Kristmundsdóttir sérkennslustjóri leikskólanum Ökrum